

72. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 1.2. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir dagskrárlið 1. voru mættir Sindri Óskarsson og Árni Óðinsson, undir dagskrárlið 2. var í fjarfundarbúnaði Vigdís Hrafnkelsdóttir, undir dagskrárlið 3. var Sigurður Álfgeir Sigurðsson og undir dagskrárlið 5. var Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins.

Þann 15. janúar síðastliðinn lést Hjörtur E. Kjerúlf bóndi á Hrafnkelsstöðum. Sveitarstjórn vill minnast Hjartar með nokkrum hlýjum orðum.

Hjörtur sat í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps frá 1982 til 1999 eða sautján ár og var hann oddviti hreppsnefndar öll þau ár. Skrifstofa sveitarfélagsins var þá á heimili Hjartar og hann eini starfsmaðurinn. Á honum hvíldu meira og minna öll samskipti og fjármál hreppsins og hann bar velferð sveitarinnar fyrir brjósti í hvívetna. Samhliða oddvitastarfinu rak hann eitt fjárflesta sauðfjárbúið í Fljótsdal. Hjörtur var mikill félagsmálamaður og ætíð í forystuhlutverki. Hann var húmoristi með góða kímigáfu, fróðleiksfús, framkvæmdasamur, heiðvirður og traustur. Hann hlúði vel að sínum hjartans málum en sá ávallt spaugilegu hliðarnar á hlutunum. Hjörtur var virkur þátttakandi í samfélaginu hvort sem um var að ræða söng í kirkjukórnum eða skemmtanahald í sveitinni. Sveitarstjórn vottar fjölskyldu Hjartar innilega samúð.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun. Sindri Óskarsson og Árni Óðinsson
2. Landsbankinn. Vigdís Hrafnkelsdóttir
3. Ársreikningar 2021 fyrri umræða. Sigurður Álfgeir Sigurðarson
4. Tilboð í þjónustuhús Hengifoss.
5. Viljayfirlýsing um vindorkugarð. Kristinn Bjarnason
6. Smávirkjanir
7. Fundargerðir:
 - a. Almannaþing 24.1.2022
 - b. Almannaþing 28.1.2022
 - c. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 14.1.2022
 - d. Vatnajökulsþjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 13.1.2022
8. Skýrsla sveitarstjóra

9. Önnur mál

1. Landsvirkjun. Sindri Óskarsson og Árni Óðinsson

Sindri og Árni fóru yfir helstu verkefni Fljótsdalsstöðvar síðasta sumar.

2. Landsbankinn, Vigdís Hrafnkelsdóttir

Vigdís kynnti fyrir sveitarstjórn ávöxtunarsjóði sem eru í boði hjá Landsbankanum.

Sveitarstjóra falið að óska eftir tilboðum í vegna eignastýringar hjá Landsbankanum og Íslenskum verðbréfum.

3. Ársreikningur 2021 fyrri umræða

Sigurður Álfgeir fór yfir drög að ársreikningi sveitarfélagsins. Samþykkt að vísa ársreikningnum til annarrar umræðu.

4. Tilboð í þjónustuhús Hengifoss

Eitt tilboð barst í byggingu þjónustuhúss við Hengifoss frá Austurbygg verktökum ehf. og hljóðaði það upp á kr. 258.171.000, eða 43% yfir kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 180.693.000.. Sveitarstjóra falið að ræða við bjóðanda um leiðir til hagræðingar og lækkun kostnaðar.

5. Viljayfirlýsing um vindorkugarð

Fyrir lágu drög að viljayfirlýsingu vegna vindorkugarða í Fljótsdalshreppi. Sveitarstjóra, oddvita og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að ræða við forsvarsmenn OGA ehf. á innihaldi viljayfirlýsingarinnar. Gunnþórunn sagðist ekki sjá þörf eða ástæðu fyrir Fljótsdalshrepp á þessu stigi til að gera viljayfirlýsingu við OGA á þeim grunni sem drögin segja til um, enda flest óljóst sem málið snýst um.

Ákveðið að fresta liðum 6-9 og fundi slitið klukkan 18.30. Boðað er til aukafundar 18.2.2022

Lárus ritaði fundargerð í tölvu